

Landsfundur Kvinnalísta haldinn um helgina: 04.9

Mótmæla niðurskurði á velferðarkerfinu

„Aðalefni fundarins var velferðarkerfið og mikilvægi þess fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu. Við hlýddum á framsöguverindi um þetta efni, bæði hvers vegna velferðarkerfið skiptir konur miklu máli og hvernig aðgerðir og stefna núverandi ríkisstjórnar koma sérstaklega við konur. Það blasir við að þessi mál skipta konur öllu, því þær hafa í raun séð um velferðarkerfið og kannski verið velferðarkerfið,“ segir Kristín Halldórsdóttir, fyrrum þingkona, um helsta mál á dagskrá landsfundar Kvinnalísta sem fram fór nú um helgina.

„Margt af því, sem fellur undir velferð, hefur verið veitt og er veitt ókeypis af konum. Síðan skiptir það miklu máli fyrir konur að velferðarkerfið sé gott og taki mið af breyttum aðstæðum, aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu, einmitt vegna þess að konur sjá yfirleitt um allt heimilishald. Þegar dregið er úr velferðinni hefur það einfaldlega í för með sér meiri vinnu fyrir konur og verri aðstæður. Við kvinnalísta konur leggjum áherslu á að stjórnvöld viðurkenni þetta og taki tillit til þess. Og að karlarnir, hver og einn, átti sig á þessu og axli sína ábyrgð líka,“ bætir Kristín við.

Í ályktun landsfundarins segir meðal annars: „Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um breytingar á velferðarkerf-

inu fela ekki í sér bætta nýtingu á fjármunum í þágu þeirra, sem minnst hafa handa á milli, heldur beinan niðurskurð og aukinn tilflutning á kostnaði frá ríkinu yfir á neytendur. Eru það ekki síst barnafjölskyldur, aldraðir og fatlaðir sem verða fyrir barðinu á stefnu ríkisstjórnarinnar. Kemur það meðal annars fram í hærri lyfjakostnaði, þjónustugjöldum og skólagjöldum.“

Kvinnalístinn mótmælir enda harðlega þeim niðurskurði á velferðarkerfinu sem ríkisstjórnin boðar í starfsáætlun sinni. Í ályktun segir að hann skipti konur verulegu máli. Nái boðaðar breytingar fram að ganga, sé tekið stórt skref aftur á bak og það geti tekið mörg ár að komast aftur í fyrri spor.

Kvinnalísta konur segja og að verði stefnu ríkisstjórnarinnar í kjara- og velferðarmálum fylgt, verði ekki komist hjá kaupmáttarskerðingu á næsta ári, ekki síst hjá konum og öðrum tekjulágum hópum. Konur krefjast þess að þær geti lifað af launum sínum og búið við efnahagslegt sjálfstæði.

Kristín Ástgeirsdóttir þingkona flutti erindi um efnahagsmál. Hún vék m.a. að boðuðum efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og sagði að Kvinnalístinn hlyti að vera ósammála því að ekki bæri að taka erlent lán. Á þessum samdráttartímum, ekki síst þegar ál-

ver væri út úr myndinni, gæti reynst nauðsynlegt og skynsamlegt að taka erlent lán til að standa undir auknum framkvæmdum hins opinbera og vinna þannig gegn samdrætti. Þannig mætti líka draga úr spennu á lána- markaði heima fyrir og stuðla að lækkun vaxta, sem aftur yrði til að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til framkvæmda.

Á landsfundinum kom fram að næsta fimmtudag, 21. nóvember, er von á bandarískri konu til landsins í boði Kvinnalísta, sem ætlar að kynna nokkurs konar alþjóðlegan kvinnabanka, Kvinnalán, eins og kvinnalísta konur kalla það.

Að sögn Kristínar Halldórsdóttur er hugmyndin að opna útibú Kvinnalánsins hér á landi. Til þess gætu konur sótt um lán. Skrifstofan vegur umsóknina og metur og mælir með lánsveitingu ef þannig vill verkast. Um leið axlar hún meginhluta ábyrgðarinnar. Innlend lánastofnun, sem á endanum veitir lánið, tekur þannig ekki mikla áhættu, um 25%. Hinu skipta útibúið og alþjóðlega Kvinnalánið á milli sín.

Það kom fram í máli landsfundar-kvenna að þær færi mikið baráttumál fyrir konur. Þær ættu erfitt með að útvega sér lán í bönkum, fengju það oft og iðulega ekki nema út á kunningsskap.